

## Fundargerð. *Stjórnarfundur nr. 97.*

Stjórnarfundur Norðurár bs., haldinn í fjarfundarbúnaði 25. nóvember 2020 kl 17:00. Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson, Sveinn Úlfarsson, Snorri Finnlaugsson áheyrnarfulltrúi frá Flokkun Eyjafjarðar og Fannar J. Viggósson. Smári Guðfinnsson var á fundinum undir dagskrárlið 2.

### Dagskrá

1. Verkaskipting stjórnar
2. Brennsla á dýrahraejum
3. Urðunarsamningar
4. Annað

#### 1. Verkaskipting stjórnar

Á nýafstöðnum aðalfundi Norðurá bs. var stjórnin endurkjörin óbreytt. Samþykkt samhljóða að verkaskipting stjórnar verði einnig óbreytt, Magnús B. Jónsson formaður, Einar E. Einarsson ritari og Sveinn Úlfarsson meðstjórnandi.

#### 2. Brennsla á dýrahraejum

Smári Guðfinnsson vél- og orkutæknifræðingur á Verkfræðistofunni Eflu fór yfir stöðu mála varðandi uppbyggingu á brennsluofni fyrir dýrahrae í Stekkjarvík. Kynnti hann meðal annars fyrstu hugmyndir að vélbúnaði og móttöku hráefna. Gengið er útfrá að brennsluofninn nýti helst eingöngu það gas sem safnað er úr haugsvæðinu sem búið er að loka. Einnig er ætlun stjórnar að búnaðurinn verði sem mest sjálfvirkur og taki tillit til þess að ástand dýrahraeja við móttöku getur verið misjafnt. Stjórn ræddi málið frá ýmsum hliðum og setti fram spurningar sem leitast verður við að svara. Samþykkt að Smári vinni áfram að málinu, samkvæmt framlagðri áætlun og skili fullbúinni kostnaðaráætlun sem inniber það sem þarf ásamt tillögu um tækjakaup til að uppfylla þær þarfir sem stjórn telur að gera þurfi til aðbúnaðar og aðstöðu. Að því loknu þarf að kynna málið fyrir eigendum Nroðurá bs., og ákveða hvort fara eigi í framkvæmdina og þá hvert fyrirkomulagið á gjaldtökunni eigi að vera vegna brennslu dýrahraeja og lífræns úrgangs í áhættuflokki 1.

#### 3. Urðunarsamningar

Magnús lagði fram drög að endurnýjuðum samningum um urðun úrgangs við Flokkun Eyjafjörður og Sveitarfélagið Norðurþing. Samningur við Flokkun Eyjafjörður er að renna út en Norðurþing hefur fengið urðað samkvæmt samþykkt stjórnar án þess að sérstakur

samningur væri fyrir hendi. Farið var yfir drögin og þau rædd. Samþykkt að Magnús myndi í framhaldinu senda þau á viðsemjendur og leita þeirra viðbragða.

#### 4. Annað

Rætt lauslega um mismunandi fyrirkomulag á söfnun dýrahæja milli sveitarfélaga. Snorri gerði grein fyrir fyrirkomulaginu í Hörgárbyggð.

Einar E. Einarsson, ritaði fundargerð.

Fundi slitið kl. 17:45

Magnús B. Jónsson

Einar E Einarsson

Sveinn Úlfarsson

Snorri Finnlaugsson

Fannar Viggósson